

Miðvikudaginn 9. maí 1962.

Nr. 90/1961. **Unnur A. Jónsdóttir**

(Sveinbjörn Jónsson hrl.)

gegn

Magnúsi Thorlacius f. h. Ryszard Górka

(Magnús Thorlacius hrl.)

og

Finnboga Kjartanssyni (enginn)

og

Magnús Thorlacius f. h. Ryszard Górka

(Magnús Thorlacius hrl.)

gegn

Unni A. Jónsdóttur (Sveinbjörn Jónsson hrl.).

Dómenður:

**hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteins-
son, Lárus Jóhannesson og Þórður Eyjólfsson og Ólafur Jóhann-
esson prófessor.**

Ómerking og frávisun.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. maí 1961 og gert þær dómkröfur, að stefndi, Finnbogi Kjartansson, protabú hans og bú hans og aðaláfrýjanda verði sýknuð af kröfum gagnáfrýjanda og að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 30. maí 1961 og gert þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi, Finnbogi Kjartansson, hefur eigi sótt dómþing í Hæstarétti, þótt honum hafi verið löglega stefnt.

Ýmis ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Hinn 20. nóvember 1961 var bú stefnda Finnboga tekið til gjaldprotaskipta. Eru því úr gildi fallnar kyrrsetningar-gerðir þær, sem í málinu greinir, sbr. 34. gr. laga nr. 3/1878 og 19. gr. laga nr. 18/1949.

Í héraðsstefnu er dómkröfu gagnáfrýjanda á hendur stefnda Finnboga, að fjárhæð \$ 44.000.00 lýst þannig: „Skuld þessi er lán, sem Ryszard Górkka veitti Finnboga Kjartanssyni á árunum 1950—1956.“ Í aðiljaskýrslu fyrir héraðsdómi í Varsjá 14. apríl 1960 kvaðst Ryszard Górkka hafa lánað stefnda Finnboga margar fjárhæðir í nokkur ár, með því að stefndi Finnbogi „átti engan pólskan gjaldeyri né heldur fé, sem hann gat skipt fyrir pólskan gjaldeyri“. Með skuldabréfi 7. marz 1956 tjáðist stefndi Finnbogi hafa veitt viðtöku \$ 44.000.00 úr hendi Ryszard Górkka. Í aðiljaskýrslu fyrir bæjarþingi Reykjavíkur 19. apríl 1960 lýsti stefndi Finnbogi því, að lán Ryszard Górkka til hans hafi verið innt af hendi „í pólskum gjaldeyri og einnig í aðstoð og munum“. Eigi kveðst stefndi Finnbogi muna, hve mikið var greitt í peningum, en munir þeir, sem hann hafi fengið frá Ryszard Górkka, „séu m. a. ýmsir dýrir skrautmunir, sem lokaðir séu inni í búi hans“, og auk þess tjáði hann vera „meðal munanna almenna húsmuni, sem á sama hátt séu innilokaðir“.

Fyrirsvarsmaður aðaláfrýjanda hér fyrir dómi hefur nú lagt fram staðfest endurrit af skýrslu Ryszard Górkka fyrir sakadómi Varsjárborgar 10. október 1961 vegna kæru aðaláfrýjanda á hendur honum fyrir brot á gjaldeyrislögum Póllands. Endurritinu fylgdi þýðing löggilts skjalapýðanda á ensku. Fyrir dóminum bar Ryszard Górkka, að hann hafi aldrei veitt stefnda Finnboga peningalán. Hann segist hins vegar hafa verið gestgjafi stefnda Finnboga og félaga hans, bæði á heimili sínu, kaffihúsum og veitingahúsum, greitt reikninga fyrir þá og eytt í þessa risnu um 35.000.00 dollurum, en gögn málsins benda til, að hann hafi eigi haft fjárráð til slíkra útgjalda. Ryszard Górkka kveðst í fyrstu hafa krafið stefnda Finnboga um endurgreiðslu þessa fjár, en geri nú enga slíka kröfu á hendur honum, enda hafi hann afsalað sér kröfunni með því skilyrði, að stefndi Finnbogi léti féð renna til sonar síns. Ber Ryszard Górkka það, að hann hafi tjáð stefnda Finnboga í bréfi, að hann gerði engar kröfur um peninga á hendur honum.

Með bréfi til yfirsakadómara 10. desember 1961 krafðist fyrirvarsmaður aðaláfrýjanda þess, að stefndi Finnþogi yrði fyrir sakadómi spurður um samband sitt við Ryszard Górka og þar á meðal um þau atriði, er komu fram í framburði þessa manns fyrir sakadómi Varsjárþorgar. Með bréfi 10. janúar 1962 lagði saksóknari fyrir yfirsakadómara að framkvæma rannsókn þessa, en hún hefur enn eigi farið fram.

Fyrirvarsmaður Ryszard Górka hefur vefengt, að treysta megi endurriti af framburði umbjóðanda síns fyrir sakadómi Varsjárþorgar. Þá telur hann, að framburðurinn megi eigi koma til álita í málinu. Eigi eru efni til að sinna mót-mælum þessum.

Tilbúningur máls þessa hófst um þær mundir, er yfir vofði hjónaskilnaður stefnda Finnþoga og aðaláfrýjanda. Ryszard Górka hefur gefið ósamrýmanlegar skýrslur um viðskipti þeirra stefnda Finnþoga og málsefnið fyrir héraðsdómi og sakadómi Varsjárþorgar. Skýrsla stefnda Finnþoga er eigi í samræmi við skýrslur Ryszard Górka. Þeir hafa nú gert málstað sinn þannig úr garði, að málið í þeirri mynd, sem það er í nú, á eigi heima fyrir dómstólum. Ber því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð og vísa málinu frá héraðsdómi.

Aðaláfrýjanda var nauðsyn að ganga inn í mál þetta til að verja réttindi sín. Samkvæmt reikningi nemur útlagður kostnaður hennar af málinu kr. 53.533.11. Með tilvisun til þessa og annarra málavaxta þykir rétt að dæma gagn-áfrýjanda til að greiða aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 100.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð eiga að vera ómerk, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Gagnáfrýjandi, Magnús Thorlacius f. h. Ryszard Górka, greiði aðaláfrýjanda, Unni A. Jónsdóttur, málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 100.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 29. apríl 1961.

Mál þetta, sem dómtekið var í gær, hefur Magnús Thorlacius hæstaréttarlögmaður hér í bæ höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 18. júlí 1957, fyrir hönd Ryszard Górka, Varsjá, Póllandi, gegn Finnþoga Kjartanssyni, Háteigsvegi 54 hér í bæ, til greiðslu á skuld, að fjárhæð \$ 44.000.00 með 6% ársvöxtum af \$ 4.500.00 frá 31. desember 1950 til 31. desember 1951, af \$ 11.250.00 frá þeim degi til 31. desember 1952, af \$ 14.375.00 frá þeim degi til 31. desember 1953, af \$ 21.225.00 frá þeim degi til 31. desember 1954, af \$ 26.150.00 frá þeim degi til 31. desember 1955, af \$ 31.525.00 frá þeim degi til 31. desember 1956 og af \$ 44.000.00 frá þeim degi til greiðsludags, auk 17% af höfuðstóli og vöxtum í yfirfærslugjald, til greiðslu málskostnaðar, þ. á m. löghaldskostnaðar, að skaðlausu. Þá hefur stefnandi einnig krafizt staðfestingar á löghaldi, er hinn 13. júlí 1957 var gert í eignarhluta stefnda í húseigninni nr. 54 við Háteigsveg til tryggingar hinni umstefndu skuld.

Með framhaldsstefnu, útgefinni 30. júlí 1957, höfðaði stefnandi framhaldssök í málinu. Gerði hann þær dómkröfur í framhaldssök, að staðfest verði löghald það, er hann hinn 29. júlí 1957 lét gera í eftirtöldum munum, eign stefnda:

- | | |
|--------------------------------------|--------------------|
| 1. 3 skjalaskápar (4 skúffur) | samt. kr. 6.000.00 |
| 2. 1 skjalaskápur (2 skúffur) | — 1.000.00 |
| 3. 1 skrifborð | — 200.00 |
| 4. Peningaskápur (Whitfields) | — 5.000.00 |
| 5. Ritvélaborð | — 50.00 |
| 6. Ritvél (Imperial) | — 800.00 |
| 7. Reikningsvél (Dixi) | — 1.000.00 |
| 8. Reikningsvél (Orig. Ordner) | — 500.00 |
| 9. 2 hillur | — 100.00 |
| 10. Bókaskápur | — 100.00 |
| 11. Skrifborð | — 100.00 |
| 12. Stálaskápur | — 500.00 |

Þá krafðist stefnandi einnig málskostnaðar í framhaldssökinni úr hendi stefnda að skaðlausu.

Við munnlegan flutning málsins var sú breyting gerð á dómkröfum stefnanda, að auk vaxta til 31. desember 1956, eins og krafizt er í stefnu, var nú krafizt 6% ársvaxta af \$ 44.000.00 frá 31. desember 1956 til 22. febrúar 1960, 10% ársvaxta frá þeim degi til 29. desember s. á. og 8% ársvaxta frá þeim degi

til greiðsludags. Þá var og við munnlegan flutning málsins fallið frá kröfu stefnanda um yfirfærslugjald.

Í greinargerð af hálfu stefnda er því lýst yfir, að stefndi við-urkenni stefnukröfuna, en stefndi telur, að málskostnaður eigi að falla niður. Við munnlegan flutning málsins var því enn lýst yfir, að stefndi samþykkti kröfur stefnanda, eins og þeim hafði þá verið breytt, þar á meðal hina breyttu vaxtakröfu stefnanda.

Í stefnu og greinargerð stefnanda er málavöxtum lýst þannig, að á árunum 1950—1956 hafi stefnandi, Ryszard Górka, lánað stefnda samtals 176.100.00 zloty, en lánin hafi stefndi lofað að greiða með 44.000 Bandaríkjadollurum.

Hinn 13. júlí 1957 hafði stefnandi látið leggja löghald á eign-arhluta stefnda í húseigninni nr. 54 við Háteigsveg hér í bænum til tryggingar skuldinni. Þar sem stefnandi taldi, að löghald þetta í húseigninni væri ekki nægilegt til tryggingar kröfunni, lét hann hinn 29. júlí 1957 leggja löghald á muni þá, sem taldir eru upp hér að framan.

Með stefnu, útgefinni hinn 20. september 1957, höfðaði frú Unnur Jónsdóttir, Háteigsvegi 54 hér í bænum, meðalgöngusök samkvæmt heimild í 50. gr. laga nr. 85/1936.

Í meðalgöngustefnu eru þær dómkröfur gerðar, að meðalgöngustefnanda verði heimiluð meðalgangan og meðalgöngusök-in sameinuð aðalmálinu, og jafnframt að meðalgöngustefnandi *ásamt* aðalstefnda verði sýknuð af öllum kröfum aðalstefnanda og að honum verði gert að greiða meðalgöngustefnanda málskostnað eftir mati dómarans. Jafnframt krafðist meðalgöngustefnandi þess, að hið álagða löghald verði fellt niður.

Við munnlegan flutning málsins voru þær dómkröfur gerðar af hálfu meðalgöngustefnanda aðallega, að aðalstefndi og félagsbú hans og meðalgöngustefnanda verði sýknuð af kröfum aðalstefnanda, kyrrsetningargerðirnar felldar niður og aðalstefnandi og aðalstefndi dæmdir in solidum til að greiða meðalgöngustefnanda málskostnað eftir mati dómarans, en til vara, að félagsbú hjónanna, þ. e. aðalstefnda og meðalgöngustefnanda, verði sýknað og kyrrsetningarnar felldar niður, að því er varðar hluta meðalgöngustefnanda í félagsbúi hjónanna, en málskostnaður dæmdur, eins og í aðalkröfu greinir.

Í greinargerð af hálfu aðalstefnanda í meðalgöngusök eru þær dómkröfur gerðar, aðallega að meðalgöngusökinni verði vísað frá dómi, en til vara, að dómkröfum meðalgöngustefnanda,

að því er varðar meðalgöngustefnda Finnboga Kjartansson, verði vísað frá dómi og að dómkröfum meðalgöngustefnda, að því er hana sjálfa varðar, verði hrundið. Þá krefst aðalstefnandi einnig málskostnaðar að skaðlausu í meðalgöngusökinni úr hendi meðalgöngustefnanda.

Með úrskurði, uppkveðnum hinn 19. maí 1958, sem síðan var staðfestur með dómi Hæstaréttar 23. júní s. á., var frávísunarkröfu þessari hrundið.

Við munnlegan flutning málsins voru þær dómkröfur gerðar af hálfu aðalstefnanda í meðalgöngusök, að dómkröfum meðalgöngustefnanda, að því leyti sem þær eru gerðar fyrir hönd Finnboga Kjartanssonar, verði vísað frá dómi, en að því er varðar meðalgöngustefnanda, að kröfum hennar verði hrundið. Þá var af hálfu aðalstefnanda krafizt málskostnaðar úr hendi meðalgöngustefnanda.

Í greinargerð aðalstefnda er meðalgöngunni mótmælt sem löglausri og þýðingarlausri svo og allri málsútlitun og kröfum meðalgöngustefnanda. Aðalstefndi krefst málskostnaðar úr hendi meðalgöngustefnanda.

Þessi síðari frávísunarkrafa aðalstefnanda er raunverulega sama efnis og frávísunarkrafa sú, sem áður hefur verið hrundið í málinu. Þykja því ekki efni til að taka sérstaka afstöðu til frávísunarkröfu þessarar nú.

Af hálfu meðalgöngustefnanda er málavöxtum lýst á þann veg, að hún og aðalstefnandi hafi verið gift, en séu nú skilin að borði og sæng og sé bú þeirra undir opinberum skiptum. Skipti það hana því verulegu máli að lögum, hver úrslit máls þessa verði, því ef farið væri eftir yfirlýsingu aðalstefnda, myndi öll dómkrafan falla á búið. Sé augljóst, að hlutur hennar í félagsbúinu yrði mjög skertur, ef stefnukrafan félli öll á búið. Af hálfu meðalgöngustefnanda er kröfum aðalstefnanda mótmælt og réttmæti þeirra vefengt, þar sem engar kvittanir eða skuldaviðurkenningar hafi verið lagðar fram til sönnunar kröfunni. Er því mótmælt, að aðalstefndi hafi haft heimild til að skuldbinda bú þeirra hjónanna. Er því haldið fram, að meðalgöngustefnandi hafi aldrei haft hugmynd um skuld þessa, enda hafi hún ekki komið fram á skattframtölum aðalstefnda árin 1954—1957. Þá er því haldið fram af hálfu meðalgöngustefnanda, að verulegur hluti stefnukröfunnar sé fyrndur og því niður fallinn. Einnig er því haldið fram, að kröfunni hafi ekki verið lýst við skipti á búi þeirra hjónanna og sé hún því einnig af þeim

sökum niður fallin. Þá er því að lokum mótmælt, að stefnukrafan, jafnvel þótt hún verði tekin til greina, verði reiknuð í bandarískri mynt, en haldið fram, að hana beri að reikna í pólskri mynt.

Aðalstefnandi hefur gefið skýrslu fyrir héraðsdómi í Varsjá í Póllandi. Kveðst hann hafa þekkt aðalstefnanda, frá því er aðalstefndi stundaði nám í Varsjá fyrir síðustu heimsstyrjöld. Frá árinu 1949 hafi aðalstefndi komið til Póllands í viðskiptaerindum sem kolainnflytjandi til Íslands. Þar sem aðalstefndi hafi ekki haft neinn pólskan gjaldeyri, á meðan hann dvaldist í Póllandi, og enga peninga, sem hann gat skipt fyrir pólskan gjaldeyri, kveðst aðalstefnandi hafa látið hann hafa ýmsar fjárhæðir sem greiða í vináttuskyni. Aðalstefnandi kveður aðalstefnda ætíð hafa sagt, að öll þessi lán myndu verða greidd, þegar búið væri að ganga frá viðskiptum hans í Póllandi og lokið væri við að byggja hús hans í Reykjavík. Aðalstefnandi kveðst hafa veitt aðalstefnda mörg lán um nokkurra ára skeið, en kveðst ekki muna nákvæmlega samanlagða fjárhæð kröfu sinnar, en kveðst hafa sent lögmanni sínum hér nákvæma sundurliðun hennar. Síðasta lánið kveðst aðalstefnandi hafa veitt aðalstefnda 1958 eða jafnvel 1959, þegar hann ábyrgðist gagnvart Bristol gistihúsinu í Varsjá, að aðalstefndi mundi síðar greiða reikning fyrir dvöl sína þar, þar sem aðalstefndi hafi ekki fengið greidd umboðslaun, sem hann hafi átt inni í Póllandi, og hann allsendis peningalaus. Aðalstefnandi kveður aðalstefnda síðar hafa greitt þennan reikning. Hann kveður frú Zofiu Sawilska, sameiginlegan kunningja sinn og aðalstefnda, hafa vítað nákvæmlega um lánin, sem hann veitti aðalstefnda. Stefnandi kveðst stundum ekki hafa haft nóg reiðufé til að lána aðalstefnda og hafi hann því fengið fjárhæðir að láni hjá vinum sínum, t. d. frú Lucyna Pasierbinska og Alensander Staniszewski. Varðandi atvinnu sína og tekjur hefur aðalstefnandi skýrt svo frá, að hann sé starfandi bifvélavirki og hafi rekið málmhandiðnaðarverkstæði. Veltu verkstæðisins kveður hann hafa verið um 400.000 zlotys á árunum 1946—1955, en árstekjur 50.000—60.000 zlotys. Aðalstefnandi kveðst hafa átt í erfiðleikum vegna breytinga á atvinnurekstri sínum og hafi hann því kafið aðalstefnda um endurgreiðslu á lánum þeim, sem hann hafði áður veitt honum. Kveður hann það hafa verið á árinu 1957, sem hann fyrst skrifaði aðalstefnda og bað hann að senda ákveðna fjárhæð í enskum gjaldeyri eða dollurum sem greiðslu á hluta lánanna. Aðal-

stefnandi kveðst ekkert svar hafa fengið frá aðalstefnda. Aðalstefnandi kveðst ekki hafa beðið aðalstefnda um að endurgreiða lánin fyrr, þar sem sér hafi ekki legið mjög á peningum. Aðalstefndi hafi auk þess tjáð sér, að erfitt yrði fyrir hann að endurgreiða lánin, með því að hann þyrfti mjög á peningum að halda til að ljúka við hús sitt hér í bænum.

Aðalstefndi hefur komið fyrir dóm og gefið skýrslu í málinu. Hefur hann skýrt svo frá, að aðalstefnandi hafi veitt lánið í pólskum gjaldeyri, með afhendingu muna svo og með veittri aðstoð. Ekki man aðalstefndi, hversu mikið af láninu var veitt með peningagreiðslu og ekki heldur, hversu hárrí fjárhæð verðmæti munanna nam. Meðal muna þeirra, sem hann fékk frá aðalstefnanda á þennan hátt, kveður aðalstefndi hafa verið ýmsa dýra skrautmuni svo og almenna húsmuni, en alla muni þessa kveður hann hafa farið til heimilisins. Hina veittu aðstoð kveður aðalstefndi hafa verið almenna aðstoð erlendis.

Í máli þessu hefur aðalstefnandi eingöngu beint kröfum sínum að aðalstefnda, en af hans hálfu eru hinar endanlegu dómkröfur viðurkenndar. Er ekki annað framkomið en aðalstefndi hafi á eigin spýtur stofnað til skulda þeirra, sem krafði er um greiðslu á í málinu. Geta málsástæður þær, sem hafðar eru uppi af hálfu meðalgöngustefnanda, því ekki leitt til þess, að aðalstefndi verði sýknaður af fjárkröfum aðalstefnanda. Verða því fjárkröfur aðalstefnanda á hendur aðalstefnda teknar til greina að öllu leyti. Þá þykir og bera að taka til greina kröfur aðalstefnanda um staðfestingu á framangreindum löghaldsgerðum, enda er fram komið, að aðalstefnandi er eigandi að eignum þeim, sem löghald var lagt á.

Samkvæmt því, sem rakið hefur verið, þykja ekki efni til að taka að neinu leyti til greina kröfur meðalgöngustefnanda í máli þessu.

Úrslit aðalsakar verða því þau, að aðalstefndi verður dæmdur til að greiða aðalstefnanda \$ 44.000.00 með 6% ársvöxtum af \$ 4.500.00 frá 31. desember 1950 til 31. desember 1951, af \$ 11.250.00 frá þeim degi til 31. desember 1952, af \$ 14.375.00 frá þeim degi til 31. desember 1953, af \$ 21.225.00 frá þeim degi til 31. desember 1954, af \$ 26.150.00 frá þeim degi til 31. desember 1955, af \$ 31.525.00 frá þeim degi til 31. desember 1956 og af \$ 44.000.00 frá þeim degi til 22. febrúar 1960, með 10% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember s. á. og með 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, svo og málskostnað,

sem ákveðst kr. 48.000.00, þar með talinn löghaldskostnaður.

Þá ber að staðfesta framangreindar löghaldsgerðir.

Í meðalgöngusök verða kröfur meðalgöngustefnanda ekki teknar til greina, en rétt þykir, að málskostnaður í meðalgöngusök falli niður.

Guðmundur Jónsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Framangreindar löghaldsgerðir eru staðfestar.

Aðalstefndi, Finnþogi Kjartansson, greiði aðalstefnanda, Magnúsi Thorlacius f. h. Ryszard Górkka, \$ 44.000.00 með 6% ársvöxtum af \$ 4.500.00 frá 31. desember 1950 til 31. desember 1951, af \$ 11.250.00 frá þeim degi til 31. desember 1952, af \$ 14.375.00 frá þeim degi til 31. desember 1953, af \$ 21.225.00 frá þeim degi til 31. desember 1954, af \$ 26.150.00 frá þeim degi til 31. desember 1955, af \$ 31.525.00 frá þeim degi til 31. desember 1956, af \$ 44.000.00 frá þeim degi til 22. febrúar 1960, með 10% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá þeim degi til 29. desember s. á. og með 8% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá þeim degi til greiðsludags og kr. 48.000.00 í málskostnað.

Kröfur meðalgöngustefnanda, Unnar Jónsdóttur, í máli þessu eru ekki teknar til greina. Málskostnaður í meðalgöngusök fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.